

ásamt meðdómendunum Árna Vilhjálmssyni prófessor og Óskari Mariússyni efnaverkræðingi.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi ex officio.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 8. marz 1971.

Nr. 27/1971. **Sigríður Hjörleifsdóttir**
 gegn
Dánarbúi Lúðvíks Sigurjónssonar.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Skipti. Varnarþing. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 3. febrúar 1971, sem barst Hæstarétti 24. s. m., hefur sóknaraðili skotið til Hæstaréttar úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur, sem kveðinn var upp 21. janúar 1971. Krefst hann þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi og lagt verði fyrir skiptaráðanda að kveða upp efnisdóm í málinu.

Varnaraðili hefur tekið undir dómkröfur sóknaraðilja. Er það vilji málsaðilja, að skipti á dánarbúinu fari í heild fram fyrir skiptarétti Reykjavíkur.

Samkvæmt skýlausum ákvæðum tilskipunar frá 21. júní 1793 skulu skipti á dánarbúum „bera undir skiptaráðanda, þar er sá, er skiptin eru eftir, átti sjálfur varnarþing, er skiptin hófust“. Lögjöfnun frá 81. gr. laga nr. 85/1936 um þetta efni er því eigi heimil. Samkvæmt vottorði þjóðskrár Hagstofu Íslands, dags. 9. desember 1970, átti arfleifandi, Lúðvík Sigurjónsson, lögheimili í Skeggjastaðahreppi í Norður-Múlasýslu, er hann lézt hinn 16. apríl 1970. Ber þessi þáttur skiptanna og skiptin í heild því undir skiptadóm Norð-

ur-Múlasýslu. Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður skiptadóms Reykjavíkur 21. janúar 1971.

Hinn 15. apríl s.l. andaðist hér í borg Lúðvík Sigurjónsson, fyrrverandi kaupfélagsstjóri á Bakkafirði. Uppskrift á eignum dánarbús hans fór fram hjá hreppstjóra Skeggjastaðahrepps, Norður-Múlasýslu, hinn 27. ágúst s.l. Einnig fór fram uppskrift hér fyrir skiptaréttinum dagana 28. og 31. ágúst og 9. og 15. september s.l.

Við uppskriftina 28. ágúst s.l. lýstu erfingjar búsins, sem eru tvö börn Lúðvíks heitins, því yfir, að þau tækju ábyrgð á öllum lögmætum skuldum búsins. Fer því um skipti á búi þessu eftir 4. kafla skiptalaga nr. 3/1878.

Við uppskriftina 31. ágúst s.l. kom fram krafa í búið af hálfu sambýliskonu Lúðvíks heitins, sóknaraðilja máls þessa, Sigríðar Hjörleifsdóttur, Laugarnesvegi 64, Reykjavík. Gerði hún kröfu um að fá greiddan útlagðan útfararkostnað og krafðist að auki ráðskonulauna fyrir 272 mánuði. Nam krafa þessi kr. 432.555.00, þar af kr. 408.000.00 fyrir ráðskonukaup.

Erfingjar búsins mótmæltu þegar kaupkröfunni, en umboðsmaður sóknaraðilja áskildi sér rétt til að hækka kröfu umbjóðanda síns að fengnum útreikningum tryggingafræðings. Var í þinghaldi 15. ágúst ákveðið, að rekið yrði sérstakt skiptaréttarmál um kaupkröfu sóknaraðilja.

Í þinghaldi 29. október s.l. komu lögmenn aðilja sér saman um að reka mál þetta hér fyrir skiptaréttinum. Í sama þinghaldi var lögð fram greinargerð af hálfu sóknaraðilja ásamt útreikningi tryggingafræðings, og var krafa sóknaraðilja hækkuð í kr. 849.344.00 og auk þess krafizt 1% dráttarvaxta á mánuði frá 15. september 1970 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Einnig var þess krafizt, að krafan nyti forgangsréttar í búinu.

Lögmaður varnaraðilja fékk nokkra fresti til greinargerðar og gagnaöflunar, en í þinghaldi hinn 14. þ. m. óskuðu lögmenn beggja mál aðilja að leggja sérstaklega undir úrskurð skiptaráðanda, áður en málinu yrði lengra haldið, hvort skiptaréttur Reykjavíkur væri réttur vettvangur fyrir mál þetta, þ. e. hvort

aðiljum sé heimilt að semja um varnarþing í máli þessu samkvæmt 81. gr. laga nr. 85/1936.

Atriði þetta var tekið til úrskurðar sama dag.

Samkvæmt 35. gr. laga nr. 3/1878 sker skiptaráðandi úr því, hvort kröfur gegn dánarbúi skuli teknar til greina eða ekki. Grein þessi á beint við um bú, sem skipt er eftir 3. kafla skiptalaganna, en telja verður, að hún eigi einnig við um þau bú, sem skipt er samkvæmt 4. kafla skiptalaganna, sbr. 55. gr. þeirra laga. Er því ljóst, að skiptaráðandi er bær að úrskurða um kröfu sóknaraðilja í máli þessu á hendur búinu.

Um það, hver sé réttur skiptaráðandi til að fara með bú, eru reglur í tilskipun frá 21. júní 1793. Samkvæmt þeim bera skipti á dánar- eða þrotabúum undir skiptaráðanda þar, er sá, sem skiptin eru eftir, átti varnarþing, er skiptin hófust. Fyrir liggur í máli þessu vottorð frá Þjóðskrá Hagstofu Íslands, en samkvæmt því átti Lúðvík heitinn lögheimili í kaupfélagshúsinu, Skeggja-staðahreppi, Norður-Múlasýslu, er hann lézt. Bera því skipti í dánarbúi hans undir skiptaráðanda Norður-Múlasýslu.

Þar eð 81. gr. laga nr. 85/1936 tekur ekki til málsmeðferðar fyrir skiptarétti, sbr. 223. gr. sömu laga, verður að telja aðiljum óheimilt að leggja skiptin í heild eða einstök úrskurðaratriði í sambandi við skiptin undir annan skiptaráðanda en þann, sem lögum samkvæmt ber að fara með skiptin. Má hér einnig hafa til hliðsjónar dóm Hæstaréttar í XIX. bindi, bls. 132.

Samkvæmt framansögðu er skiptaráðandi í Reykjavík ekki bær til að fara með skipti á búi þessu eða kveða upp úrskurði í sambandi við skiptin, og ber því að vísa máli þessu frá skiptarétti Reykjavíkur. Aðiljar hafa ekki krafizt málskostnaðar í sambandi við úrskurð þennan, og fellur hann því niður.

Jónas Gústavsson, fulltrúi yfirborgarfógeta, kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Máli þessu er vísað frá skiptarétti Reykjavíkur.

Málskostnaður fellur niður.